

Persónuverndarsamþykkt Kópavogsbæjar

Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Digranesveg 1, 200 Kópavogur (einnig vísað til „sveitarfélagsins“) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem sveitarfélagið og allar undirstofnanir þess vinna með. Sveitarfélagið hefur á þeim grundvelli sett sér svohljóðandi persónuverndarsamþykkt og með því uppfyllt ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuverndarstefnu:

1. Tilgangur og gildissvið

Kópavogsbær leitast við að uppfylla í hvívetna þá persónuverndarlöggjöf sem er í gildi hverju sinni og er samþykkt þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („persónuverndarlög“), sbr. persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins 2016/679.

Með samþykkt þessari leggur sveitarfélagið áherslu á mikilvægi þess að gætt sé að því að öll vinnsla persónuupplýsinga innan sveitarfélagsins fari fram í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf.

Samþykktin gildir um sérhverja vinnslu persónuupplýsinga innan Kópavogsbæjar. Þegar vísað er til sveitarfélagsins í samþykkt þessari er einnig átt við stofnanir og nefndir og ráð á vegum þess. Samþykktin gildir einnig þegar þriðja aðila hefur verið falin verkefni eða starfsemi á vegum sveitarfélagsins.

Persónuverndarsamþykkt þessi lýsir vinnslu sveitarfélagsins á persónuupplýsingum. Sveitarfélagið mun auk þess leitast við að veita þeim einstaklingum þar sem unnið er með persónuupplýsingar nánari fræðslu um þá vinnslu sem sveitarfélagið hefur með höndum hverju sinni, eftir því sem við á. Ýmsar stofnanir sveitarfélagsins hafa jafnframt sett sér sína eigin persónuverndarsamþykkt og vísast einnig til þeirra þar sem það á við.

2. Vinnsla persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar í skilningi samþykktar þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings, s.s. með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna einstaklinginn, sbr. 4. gr. persónuverndarlaga. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar.

Undir hugtakið vinnsla fellur öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, s.s. söfnun, skráning, varðveisla, birting og eyðing.

3. Hvernig sveitarfélagið vinnur persónuupplýsingar

Öll vinnsla sveitarfélagsins á persónuupplýsingum fer fram í skýrum tilgangi og byggist á lögmætum grundvelli samkvæmt persónuverndarlögum, upplýsingalögum nr. 140/2012, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og öðrum lögum sem eiga við starfsemi sveitarfélagsins. Gætt er að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar frekar á þann hátt að vinnslan sé ósamrýmanleg hinum upprunalega tilgangi vinnslunnar. Kópavogsbær mun ekki nota þær persónuupplýsingar sem hann aflar og hefur undir höndum í öðrum ósamrýmanlegum tilgangi en þeim sem upplýsinganna var aflað í fyrstu, án þess að afla samþykki frá hinum skráðu.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að ekki sé gengið lengra í vinnslu persónuupplýsinga en þörf krefur, til að ná því markmiði sem stefnt er að með vinnslunni.

Til þess að tryggja að unnið sé með persónuupplýsingar í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga veitir sveitarfélagið starfsfólki sínu fræðslu og þjálfun í því skyni að skapa almenna og góða þekkingu á því hvernig skuli umgangast slíkar upplýsingar, meðferð og vinnsla persónuupplýsinga, og hvernig gætt skuli öryggis þeirra á vettvangi Kópavogsbæjar sem vinnustaðar sem og veitanda þjónustu.

4. Söfnun persónuupplýsinga

Við rekstur á sveitarfélagi safnast óhjákvæmilega ýmsar persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga og er vinnsla slíkra upplýsinga oft á tíðum nauðsynleg svo sveitarfélagið geti veitt lög- bundna þjónustu.

Sveitarfélagið safnar og vinnur t.a.m. með persónuupplýsingar um:

- íbúa, þjónustuþega, umsækjendur og aðra skjólstaðinga sveitarfélagsins;
- starfsfólk sveitarfélagsins;
- einstaklinga sem eru í samskiptum við sveitarfélagið; og
- tengiliði viðskiptamanna, birgja, verktaka, ráðgjafa, stofnana og annarra lögaðila sem sveitarfélagið er í samningssambandi við svo og nemendur leik- og grunnskóla og foreldra/forráðamenn þeirra. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

Kópavogsbær viðheldur vinnsluskrár í starfsemi sinni, en vinnsla sviða og stofnana Kópavogsbæjar á persónuupplýsingum vegna veittrar þjónustu er skilgreind nánar í vinnsluskrá. Vinnsla gagna er hluti af lögbundinni þjónustu sem sveitarfélög veita og annarri þjónustu sem Kópavogsbær hefur ákveðið að veita og byggir á lögum, upplýstu samþykki skráðra aðila eða öðrum heimildum.

5. Eðli persónuupplýsinga sem sveitarfélagið safnar

Kópavogsbær safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um framangreinda flokka einstaklinga sem nefndir eru í kafla 4, en þó eingöngu upplýsingum sem eru nauðsynlegar og viðeigandi með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar hverju sinni. Þannig er ólíkum persónuupplýsingum safnað um ólíka flokka einstaklinga og fer vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum eftir eðli sambandsins sem er á milli sveitarfélagsins og viðkomandi einstaklings. Þannig er umfangsmeiri upplýsingum t.d. safnað um starfsmenn, íbúa, notendur þjónustu og aðra skjólstaðinga sveitarfélagsins, heldur en um aðra, svo sem tengiliði lögaðila eða einstaklinga sem eru í einstökum og afmörkuðum samskiptum við sveitarfélagið.

Undir tilteknum kringumstæðum safnar sveitarfélagið viðkvæmum persónuupplýsingum, t.d. við veitingu félagsþjónustu, í barnaverndarstarfi, skólastarfi eða vegna starfsmannamála. Með viðkvæmum persónuupplýsingum er átt við upplýsingar um heilsufar, kynhneigð, trúarbrögð, aðild að stéttarfélagi, þjóðernislegan uppruna o.fl. Sérstök aðgát skal höfð við vinnslu slíkra upplýsinga með hliðsjón af ákvæðum 11. gr. persónuverndarlaga. Kópavogsbær aflar að mestu persónuupplýsinga beint frá þeim einstaklingi sem upplýsingarnar varða. Við tiltekna aðstæður geta upplýsingarnar þó komið frá þriðja aðila, t.d. þjóðskrá, heilbrigðisstofnun eða öðrum þriðja aðila. Þegar upplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun sveitarfélagið leitast við að upplýsa um slíkt, eftir því sem við á. Magn og eðli upplýsinganna fer eftir sambandi sveitarfélagsins og þess aðila sem um ræðir. Einstaklingum er valkvætt að veita persónuupplýsingar, en séu persónuupplýsingar ekki veittar í ákveðnum tilvikum kann það þó að hafa áhrif á möguleika sveitarfélagsins til að veita þá þjónustu sem um ræðir hverju sinni.

6. Grundvöllur fyrir söfnun persónuupplýsinga

Kópavogsbær safnar persónuupplýsingum fyrst og fremst til að geta uppfyllt skyldur sínar á grundvelli laga sem gilda um rekstur og þjónustu sveitarfélaga í því skyni að sinna lögbundnu hlutverki og

verkefnum sem sveitarfélögum er falið. Sem opinber aðili getur vinnsla sveitarfélagsins verið nauðsynleg við beitingu þess opinbera valds sem sveitarfélagið fer með. Þá safnar sveitarfélagið einnig persónuupplýsingum vegna samningssambands sem sveitarfélagið er í, t.d. við starfsfólk eða verktaka, eða til að koma slíku samningssambandi á. Við vinnslu upplýsinga um birgja og aðra sem eiga í viðskiptum við Kópavogsbæ vegna kaupa á vöru eða þjónustu fer sú vinnsla fram til að geta efnt samning við viðkomandi. Þá byggir sveitarfélagið suma vinnslu jafnframt á samþykki hinna skráðu, s.s. vegna myndbirtingar í skólum og leikskólum, og á lögmætum hagsmunum sveitarfélagsins, s.s. vegna eftirlits í öryggis- og eignavörsluskyni.

Kópavogsbær skal tryggja að heimild sé fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Slík heimild getur verið byggð á lögum, upplýstu samþykki, samningi eða lögmætum hagsmunum. Til þess að vinnsla sveitarfélagsins á persónuupplýsingum teljist lögmæt þarf að minnsta kosti eitt eftirfarandi atriða að eiga við:

- hinn skráði einstaklingur hafi gefið sveitarfélaginu samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga;
- vinnslan sé nauðsynleg vegna samningssambands sveitarfélagsins við tiltekinn aðila;
- nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni einstaklinga eða vegna verk sem unnið er í þágu almannahagsmuna;
- nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna sveitarfélagsins;
- nauðsynleg til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur sveitarfélagsins;
- eða vinnsla persónuupplýsinga sé nauðsynleg vegna þeirra lögbundnu skyldna sem hvíla á sveitarfélögum við starfsemi þeirra og rekstur, svo og við beitingu opinbers valds sem sveitarfélagið fer með.

7. Varðveislutími

Þar sem Kópavogsbær er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er sveitarfélaginu óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið vinnur því afhentar Héraðsskjalasafni Kópavogs að 30 árum liðnum í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga um opinber skjalasöfn.

8. Öryggi persónuupplýsinga

Sveitarfélagið grípur til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Í því felst m.a. vernd gegn óleyfilegri eða ólögumætri vinnslu sem og óheimilli miðlun, notkun, afritun, uppljóstrun, breytingu eða glötu auk óheimils aðgangs.

Sveitarfélagið stuðlað að virkri öryggisvitund starfsmanna með viðeigandi fræðslu og þjálfun varðandi öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Þá hefur Kópavogsbær innleitt viðeigandi ferla, sem og aðrar persónuverndarráðstafanir sem eru hæfilegar. Þær taka jafnframt mið af eðli og magni persónuupplýsinganna sem um ræðir og áhættu fyrir einstaklingana. Kópavogsbær gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum, m.a. með það að markmiði að koma í veg fyrir mannleg mistök, þjófnað, svik eða aðra misnotkun á upplýsingum. Kópavogsbær leggur áherslu á að takmarka aðgang að upplýsingum við þá starfsmenn sem nauðsynlega þurfa slíkan aðgang til að ná fram tilgangi vinnslunnar. Í tilviki tölvuskýjalausna hefur Kópavogsbær gert skipulags- og tækniráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga, s.s. með dulkóðun og aðgangsstýringu.

Komi upp öryggisbrestur sem varðar persónuupplýsingar einstaklinga og hefur í för með sér áhættu mun sveitarfélagið tilkynna slíkt án tilhlýðilegrar tafar til eftirlitsyfirvalda. Skrá skal frábrigði í gæðakerfi bæjarins og fylgja verkferlum um það hvernig meðhöndla skuli slíka öryggisbresti í samræmi við kröfur persónuverndarlaganna.

9. Miðlun upplýsinga til þriðja aðila

Kópavogsbær kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila af mismunandi ástæðum. Þannig geta þriðju aðilar sem veita sveitarfélaginu þjónustu á sviði upplýsingatækni og á öðrum sviðum haft aðgang að persónuupplýsingum sem eru til vinnslu af hálfu Kópavogsbæjar í samræmi við gerða þjónustusamninga og vinnslusamninga, en sveitarfélaginu kann einnig að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar.

Sveitarfélagið gerir kröfur til þriðja aðila sem hefur aðgang að persónuupplýsingum, um að fyllsta trúnaðar sé gætt. Jafnframt gerir sveitarfélagið þær kröfur að öryggi og vernd upplýsinganna séu tryggð í samræmi við reglur sveitarfélagsins og persónuverndarlög. Að öðrum kosti verður persónuupplýsingum ekki miðlað til þriðja aðila. Kveða skal á um varðveislu og vistun persónuupplýsinga af hálfu þriðja aðila í vinnslusamningum sem Kópavogsbær á aðild að.

Kópavogsbær mun ekki nota persónuupplýsingar í öðrum tilgangi eða afhenda þær þriðja aðila, nema á grundvelli lagaheimildar, stjórnvaldsfyrirmæla, dómsúrskurðar eða skriflegs vinnslusamnings eða samþykkis hins skráða. Kópavogsbær áskilur sér þó rétt til að afhenda þriðja aðila ópersónugreinanlegar upplýsingar í vísinda- og rannsóknarskyni eftir því sem lög heimila. Þá mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

10. Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum

Einstaklingar hafa rétt til að vita hvaða persónuupplýsingar sveitarfélagið vinnur um þá og geta eftir atvikum óskað eftir afriti af upplýsingunum. Þá geta einstaklingar fengið rangar persónuupplýsingar um sig leiðréttar. Þessi réttur einstaklinga er þó takmörkunum háður þegar um er að ræða lagaskyldu ábyrgðaraðila til að varðveita upplýsingar á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og gildir því að litlu sem engu leyti um persónuupplýsingar sem sveitarfélög vinna. Þar sem sveitarfélög eru afhendingarskyld skv. lögum um opinber skjalasöfn þykir rétt að ítreka að Kópavogsbæ er með öllu óheimilt að eyða skjölum sem falla undir lögin nema með heimild þjóðskjalavarðar, sbr. umfjöllun í 7. kafla.

Jafnframt geta einstaklingar í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð.

Í þeim tilvikum er vinnsla sveitarfélagsins byggir á samþykki getur sá sem samþykkið veitti alltaf afturkallað það. Afturköllun samþykkis skal ekki hafa áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. persónuverndarlaga. Sveitarfélagið virðir framangreind réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum.

Beiðnir einstaklinga um að neyta réttar síns samkvæmt persónuverndarlögum skulu berast í gegnum beiðnaform á mínum síðum í íbúagátt á heimasíðu Kópavogsbæjar, þó hægt sé að taka á móti beiðnum með öðrum hætti. Nauðsynlegt er að sanna á sér deili til að geta neytt ofangreindra réttinda og þá geta þau verið háð takmörkunum sem leiða m.a. af lögum eða hagsmunum annarra sem upplýsingarnar varða. Beiðnir einstaklinga um afrit að persónuupplýsingum sem sveitarfélagið vinnur um þá skulu afmarkaðar við tiltekin gögn eða tiltekin mál eins og kostur er. Leitast er við að svara öllum beiðnum innan mánaðar frá viðtöku þeirra. Sé um að ræða umfangsmikla eða flókna beiðni mun sveitarfélagið upplýsa um slíkar tafir innan mánaðar, ásamt ástæðum fyrir töfinni, og leitast við að svara í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá viðtöku á beiðni.

Upplýsingar sem veittar eru skulu vera án endurgjalds. Hafi beiðni í för með sér ljósritun/prentun í miklu magni eða sé beiðni frá einstaklingi augljóslega tilefnislaus eða óhófleg, einkum vegna

endurtekningar, er Kópavogsbæ heimilt að innheimta gjald skv. gjaldskrá fyrir ljósritun og prentun nr. 306/2009 og/eða setja upp sanngjarnt gjald með tilliti til kostnaðs við upplýsingagjöfina eða að neita að verða við beiðninni. Það skal vera sveitarfélagsins að sýna fram á að beiðni sé tilefnislaus eða óhófleg samkvæmt 17. gr. persónuverndarlaga, og 12. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

11. Ábyrgð á grundvelli persónuverndarlaga

Ábyrgð á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram innan sveitarfélagsins er mismunandi eftir því hvort sveitarfélagið sjálft, einstök svið þess eða stofnanir á vegum þess ákveður tilgang og aðferð við vinnsluna. Þannig eru grunnskólar sveitarfélagsins t.a.m. ábyrgðaraðilar þeirra persónuupplýsinga sem þeir vinna.

12. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Hafi einstaklingar spurningar um persónuverndarsamþykkt þessa eða hvernig sveitarfélagið varðveitir eða vinnur persónuupplýsingar að öðru leyti, geta þeir ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Kópavogsbæjar, sjá kafla 13, sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina einstaklingum um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarsamþykkt þessari og persónuverndarlögum.

Telji einstaklingur vinnslu Kópavogsbæjar á persónuupplýsingum ekki vera í samræmi við lög eða reglugerðir, getur hann lagt fram kvörtun hjá Persónuvernd (<http://www.personuvernd.is>) sem annast eftirlit.

13. Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi Kópavogsbæjar hefur umsjón með eftirfylgni við persónuverndarsamþykkt þessari og framfylgni við persónuverndarlög. Persónuverndarfulltrúi sinnir jafnframt því hlutverki að fræða starfsmenn sveitarfélagsins um skyldur sínar samkvæmt persónuverndarlögum og leysa úr álitaeftum á sviði persónuverndar.

Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins með því að senda honum tölvu-póst á netfangið personuvernd@kopavogur.is

Samskiptaupplýsingar sveitarfélagsins:

Skrifstofur Kópavogsbæjar, Digranesvegur 1, 200 Kópavogur. Sími 441-1000, nánari upplýsingar á vef sveitarfélagsins, www.kopavogur.is

14. Endurskoðun

Kópavogsbæ er heimilt að breyta samþykkt þessari án fyrirvara, í samræmi við breytingar á gildandi lögum og reglugerðum. Allar breytingar verða birtar á vef sveitarfélagsins og taka gildi frá birtingu þeirra.

Persónuverndarsamþykkt Kópavogsbæjar var samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs þann 27. október 2021 og öðlast þegar gildi.